

83. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn fimmtudaginn 27.júní 2013 kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Ævar Rafn Marinósson, Reimar Sigurjónsson, Nanna S. Höskuldsdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Ólöf Kristín Arnmundsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskar eftir að bætt verði við lið 1 á dagskrá og nefnist hann „Erindi frá slökkviliði Langanesbyggðar dags. 18. júní 2013“. Aðrir dagskrárliðir sem fyrir voru færast þá aftur um einn. Samþykkt samhljóða.

Oddviti óskar eftir að bætt verði við lið 10 á dagskrá og nefnist hann „Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 26. júní 2013“. Samþykkt samhljóða.

Oddviti óskar eftir að bætt verði við lið 11 á dagskrá og nefnist hann „Umsóknir um stöðu sveitarstjóra Langanesbyggðar“. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Erindi frá slökkviliði Langanesbyggðar dags. 18. júní 2013.

Lagt fram til kynningar.

Oddviti lagi til að Þórarinn Þórisson slökkviliðsstjóri fengi að koma inn á fundinn og fara í stuttu máli yfir innsent erindi slökkviliðs Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

Þórarinn kynnti nauðsyn þess að kaupa bíl m.a. með tilkomu eldvarnareftirlits, til að sinna Bakkafirði og í ýmsan akstur sem tilfellur hjá slökkviliðinu. Slíkur bíll myndi einnig nýtast í útköll ef hann væri útbúinn sem slíkur. Óskar slökkviliðið eftir því að hafa sér bíl til að sinna þessu.

Fundarmenn spurðu slökkviliðsstjóra út í málið.

Lagt til að þetta verði skoðað nánar við fjárhagsáætlanagerð 2013 fyrir árið 2014. Skrifstofu og slökkviliðsstjóra falið að útbúa minnisblað vegna þessa.

Samþykkt samhljóða.

2. Fundargerð sveitarstjórnar nr. 82.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar dags. 20. júní 2013

Fundargerðin borin undir fundinn og samþykkt samhljóða

4. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra nr 153 dags. 5. júní 2013.

Lögð fram til kynningar.

5. Bréf frá Saman hópnum

Lagt fram til kynningar.

Lagt til að þetta verði gert sýnilegt á heimasíðu sveitarfélagsins og sent undirbúningsnefnd Kátra daga.

6. Skýrsla skrifstofustjóra.

- Borist hefur bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem Innanríkisráðuneytið staðfestir samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar og þar kynnt að samþykktirnar hafi

verið sendar í B-stjórnartíðindi til birtingar. Í dag bárust tvær ábendingar í tölvupósti frá fulltrúa stjórnartíðinda vegna samþykktanna. Skrifstofustjóri kynnti þær ábendingar.

Samþykkt að breyta samþykktunum í samræmi við tillögu frá fulltrúa stjórnartíðinda.

- Viðhald er í fullum gangi og gengur vel. Vinnu á tjaldstæðinu á Þórshöfn ætti að ljúka í þessari viku. Verið er að vinna í því að skipta um þak á félagsheimilinu og setja klæðningu á íþróttahúsið. Því verður að mestu lokið í þessari viku. Í næstu viku er stefnt að því að hefja vinnu við það að skipta um þak á grunnskólanum á Bakkafirði og að ljúka viðhaldi í skóla og leikskóla. Viðhaldsvinna hefur gengið samkvæmt áætlun. Garðyrkjumenn komnir og farnir að vinna í skrudgarðinum og fleiri opnum svæðum. Framkvæmdir vegna gangstétta eru komnar í gang.
- Varðandi verkefnið „Bætt aðgengi að Stóra Karli“ þá er búið að útbúa verðkönnunargöng. Nú þarf að fara að skoða frekari fjárveitingu í verkið og sækja um fleiri styrki. Fundað verður í verkefnahópnum í næstu viku.
- Ungmennaráð. Verið að kalla eftir upplýsingum um hvort stofnað hafi verið ungmennaráð í sveitarfélaginu eða hvor fyrirhugað sé að stofna ungmennaráð í sveitarfélaginu. Tæplega helmingur sveitarfélaga hefur stofna þessi ráð og einhver sveitarfélög hafa þegar lagt þau niður aftur. Hefur reynst erfitt að starfrækja slík ráð í minni sveitarfélögum. Skrifstofustjóra falið að senda sveitarstjórnarmönnum frekari upplýsingar í tölvupósti.
- Erindi frá framkvæmdar og þjónustufulltrúa Norðurþings barst í gær. Honum var falið að hafa samband við aðra fulltrúa sveitarfélaga í Þingeyjarsýslum og kanna áhuga þeirra á sameiginlegum fundi þar sem farið verður yfir stöðu bænda í Þingeyjarsýslum ljósi þeirra áfalla sem yfir þá hafa dunið. Búið að svara fyrir hönd Langansbyggjar að fulltrúi sveitarfélagsins muni mæta á þann fund þegar hann verður haldinn.
- Erindi frá undirbúningsnefnd fyrir Káta daga sem barst í dag. Þar er óskað eftir leyfi Langanesbyggðar til að gera undanþágu á aldurstakmarki í félagsheimilinu Þórsveri á Þórsveri á ballinu sem haldið verður helgina 18.-21. júlí n.k. Þess efnis að þeir sem verði 18 ár á árinu megi sækja dansleikinn. Lagt fyrir fundinn að hafna því að gera þessa undanþágu á húsreglunum félagsheimilis Þórsvers. 4 samþykktu tillöguna og þrjár voru á móti.

7. Skýrsla Verkfræðistofu Norðurlands vegna vatnsveitu

Lögð fram til kynningar.

8. Aðalfundarboð frá Greiðri leið ehf.

Lagt fram til kynningar.

9. Sumarleyfi sveitarstjórnar

Lagt til að sveitarstjórn fari í sumarleyfi frá og með þessum fundi og að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnarinnar verði 22. ágúst 2013. Aukafundir í sveitarstjórn verða teknir eftir þörfum. Samþykkt samhljóða.

10. Fundargerð landbúnaðarnefndar dags. 26. júní 2013

Lögð fram til kynningar.

Lagt til að settar verði 2 milljónir í Útnesveg og að 500 þúsundum verði haldið eftir til að mæta ófyrirséðum kostnaði á öðrum vegum. Skrifstofustjóra falið að kalla eftir upplýsingum frá umsýgnarmönnum annara vega.

Samþykkt samhljóða.

11. Umsóknir um stöðu sveitarstjóra Langanesbyggðar

Alls hafa borist 11 umsóknir um stöðu sveitarstjóra Langanesbyggðar. Sveitarstjórn mun á næstu dögum taka afstöðu til umsókna.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:45